

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Egilsstaðir, 13. desember 2022
UST202203-020/F.Æ.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit 28.10.2022 – Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu, Álfsnesi

Þann 28. október sl. fór fram eftirlit í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu, Álfsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar á loftmengunarefnum ammoníaki, NH₃ eða lyktarstyrk skulu framkvæmdar tvisvar sinnum á ári. Niðurstöður úr slíkum mælingum fyrir fyrri hluta árs 2021 liggur ekki fyrir.
Mælingum fyrir seinni hluta ársins 2021 var skilað til eftirlitsaðila og er frávikinu því lokað.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

1. Rekstraraðila er bent á að niðurstöður mælinga á ammóníaki og brennisteinsvetni skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. skulu fylgja ársyfirliti.
2. Rekstraraðila er bent á að tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur, eins og kemur fram í gr. 3.9 í starfsleyfi.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænt bókhald fyrir Sorpu, sem sent var Umhverfisstofnun, fjallar ekki afmarkað um skráningar sem ná yfir starfsemi GAJA.
2. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks var flesta daga, frá því mælingar hófust, yfir leyfilegum mörkum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum frávikum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur